

Til fjölmiðla:

Kæri Jón...

Ritgerðasamkeppni meðal nemenda
8. bekkjar grunnskólanna er hafin.

Nemendur skrifa Jóni Sigurðssyni bréf
í tilefni af 200 ára afmæli hans á árinu.



Samkeppnin er samstarfsverkefni Afmælisnefndar
Jóns Sigurðssonar og mennta- og menningarmála-
ráðuneytisins í tilefni 200 ára afmælis Jóns Sigurðssonar 17. júní 2011.

Samkeppnin fer fram í febrúar og úrslit verða tilkynnt 19. mars. 100 viðurkenningar
fyrir þátttöku og 10 glæsileg bókaverðlaun fyrir bestu ritgerðirnar.

Ritgerðirnar verða í sendibréfsformi. Nemendur skrifa Jóni stutt béf og segja frá
áhugamálum sínum og daglegu lífi, en sendibréfið var aðal samskiptamáti 19.
aldarinnar. Varðveist hafa rúmlega 6000 bréf sem Jón Sigurðsson fékk frá öðrum
um ævina og hann mun varla hafa skrifað færri bréf sjálfur.

Nú senda nemendur hver öðrum rafræn skeyti með leifturhraða og enginn skrifar
bréf. Með því að taka þátt í samkeppninni læra þeir sitthvað um aðferðir fyrri tíma
og vonandi einnig listina að skrifa sendibréf.

Bestu bréfin verða birt á vefnum www.jonsigurdsson.is, á vef mennta- og menningar-
málaráðuneytisins og þau verða einnig lesin í dagskrá ríkisúthvarpsins.



Nánari upplýsingar á vefnum www.jonsigurdsson.is